

# Sönghefti á ýmsan hátt.

Konráð Rúnar Friðfinnsson tók saman.  
Myndir aðrar en af höfundi eru ekki hans eign.  
Texti: KRF. Nema þar sem annað er tilgreint.

## Pæling.

Píanó, flygill, trompet, orgel, kassagítar, rafgítar, bassagítar, fiðla, selló, trommur, og áfram mætti telja. Allskonar hljóðfæri eru notuð til að fylla upp í söngvanna.

Tónlist án raddar getur vel verið fögur sé verkið sem flutt er, já, vel flutt. Allt miðar við góðan flutning sem metnaður hefur verið lagður í og er mikilvægt atriði sem yfirleitt fær skilað sér til áheyrandans, lesandans og hlustandans. Skulu höfundar því hvattir til vandaðra vinnubragða hvert sem þeir gera myndefni, málverk, söngva og eða fást við textagerð í bundnu eða óbundnu máli. Vandvirkni gerir fyllinguna sem hvert verk þarf að hafa. Vandvirkni krefst tíma. Við njótum verkanna er við þreifum á feegurð og erum sjálfir sáttir við handbragðið.



Mikil feegurð fylgir vel útfærðum tónlistarflutningi sem og góðum texta. Stundum sér maður listilega gerðan texta eða textabrot sem hrifur og segir meira en kannski ein þéttskrifuð blaðsíða. Listin vill og keppir eftir feegurð og krefur manninn sinnar yfirlegu, eins og skáld nokkurt sagði við höfund er hann var að hefja skrif sín um 1984. „Maður liggur yfir þessu“.- Orð mannsins meðtók maður við og vann strax að því að gera að eigin vinnubrögðum. Með tímanum þjálfast menn í meðferð texta og efnismeðferð. Reynslan fylgir með af verkunum og kemur með tíð og tíma. Engin verður á einni nóttu bestur allra en gæti orðið með þjálfun og ástundun. Fyrir einhvern er það atriði. Og má líka alveg. Menn eru misjafnir.

Oft er höfundur byrjar verkefni eins og þetta finnst honum lítið til koma og telur sig ekki getað farið lengra með það og jafnvel ekki notað og finnst vera þurrt en hefur lært að gott sé að taka sér smá pásu og setjast svo aftur við og sér þá að mikilvæg fyllinger að koma og stíllinn að ná réttum blæ. Þetta er í hans tilviki reglan, hvernig sem aðrir gera. Hér talar reynslan sínu máli. Pistlarnir sem hann hefur fengist við eru enda orðnir nokkrir og allir unnir af heilindum. Mikill vinna liggur í svona verki og reynslan hjálplegasta „hjálpartæki“ höfunda sem völ er á. Svo kemur „Andinn yfir“ eins og sagt er og þessi mikilvæga fylling birtist og hann fer að sjá að verkið ætli að ganga upp. Texti skal vera lifandi og skemmtilegur

aflestrar. Allt á höfunda sjálfs valdi. Í rétt gerðum og unnum skrifum er hægt að fjalla um allt og ekkert og komast vel frá öllu. Að skrifa er gjöf frá hinnum og endalaus uppspretta efnis.

Hljóðfærin sem nefnd voru í upphafi pistilsins og þú auðvitað hefur gleymt hver séu tilheyrðu ef til vill meira Evrópu og Bandaríkjunum á öldum áður en máski öðrum heimsálfum sem notast við annarskonar hljóðfæri. Að vísu er búið að þynna þetta allt saman mikið út að allt virðist gilda allstaðar hvort sem eru stefnur eða straumar sem og sérkenni ríkja, sem sumum finnst gott að skuli hafa gerst á meðan aðra setur hljóða og verða hugsi yfir. Allt svona hefur tekið gríðarlegum breytingum. Menn heyra orðið áþekka músík hvar sem þeir koma og svipaðri þeirri sem við hér heima hlustum á þegar við bregðum okkur yfir hafið og til landa sem Íslendingar mikið fara til í frúm.

Samt blandast engum hugur um að búið sé að steypa allt meira og minna í sama mót og ýta mörgu út sem áður einkenndu lönd og gáfu sérkenni sem í dag mikið eru að mást út vegna alls samgangsins gegnum til að mynda gríðarmikla ferðamennsku sem við eru bæði kostir og gallar. Ferðamanninum líkar ekki maturinn í þessu og hinu landinu og biður þjóninn um annarskonar fæðu líkari henni sem hann er vanur heiman frá sér. Veitingamaðurinn verður auðvitað við þessu eða þarf að öðrum kosti horfa á eftir fólkinu yfir á næsta matsölustað. Veitingarmaðurinn stundar viðskipti og viðskipti byggjast upp á því að selja og þessu tilviki fólki mat og að gera kröfur fólksins. Og smá saman breytist matarhefðin sem fyrir var. Svólítið lúmskt allt saman.

Þó höfundi líki svið er ekki víst að manneskjan frá Asíu sé sama sinnis. Gallinn við allan þennan samruna er að þjóðirnar eru allar að glutra niður sínu eigin. Og það eitt og sér gæti haft afleiðingar í för með sér er menn fara fram á að endurheimta þetta til baka, eins og margt bendir til nú um stundir að við séum þegar farin að horfa upp á og munum ekki sjá fyrir endann á byrji þau ósköp öll. Mörg mistök hafa verið gerð í mannheimum sem áttu að vera til góðs en áhöld eru um hvort svo sé er upp er staðið. Víða eru blikur á lofti.

### Ferðamaðurinn.




Myndin til vinstri er tekin árið 1982. Við sjáum að auglýsandi reynir að höfða til ferðamanna. Samt er nokkuð ljóst að hér er ekki verið að kalla til útlendra ferðamanna af því einu að þeir sem þá komu við hér voru ekki margir og flestir af sortinni bakpokafólk sem gekk landið þvert og endilangt með allan búnað á bakinu og því lítið upp úr þeim að hafa í fjárhagslegu tilliti. Þetta fólk sást eftir

að sumar kom oft standa í vegköntum með hendi, fingur, á lofti kæmi að bifreið. Flestir stoppuðu og stundum líka höfundur, ætti hann leið um. Eftir tveimur þýskum „puttalingum“ man hann frá áttund áratug seinustu aldar sem komu sér fyrir í aftursætinu með svo mikinn farangur að hann fékk það á tilfinninguna að bifreið hans væri fulllestuð. Fannst það að minnsta kosti og ekki laust við að meðaumkunar gætti í garð fólksins í aftursætinu sem burðaðist með allan sinn þunga með sér. Ekki svo að skilja að „puttalingurinn“ væri óvelkominn á hótél og gistingu eins og þessari sem myndin ofar er af heldur hitt að áhugann skorti til þess hjá honum sjálfum. Velti hann enda fyrir sér hverri krónu áður en henni var eytt. Aldrei man maður samt eftir neikvæðri umræðu um blessaðan „puttalinginn“ en heyrði

stundum um að af þeim væri ekki mikið að hafa. Sem er rétt. Engar sérstakar verslanir tengdar „puttalingnum“ risu eins og í dag er gert með svokölluðum „Lundabúðum“ sem beinlínis höfðu til nútíma ferðamanns á Íslandi af erlendu bergi brotnu með fullt veski af peningum sem reynt er að hirða alla af honum áður en hann yfirgefur landið. Þá máski rúinn inn að skinni. Sem ku vera best. Það er að segja fyrir ferðamannaíðnaðinn og tekst sannast sagna furðu oft miðað við allar tekjurnar sem af ferðamannastraumnum hlýst. Hver stakk upp á nafninu „Lundabúð“ þekkir höfundur ekki en veit þó hvað við sé átt en var nokkurn tíma að átta sig á merkingunni. Heyrði lengi vel aldrei neitt nema þetta orð „Lundabúð“ og án nokkurrar skíringar á hvað orðið merkti.

Myndin til hægri er úr Speglinum. Spegillinn var blað sem gefið var út á Íslandi frá árinu 1926 til líklega 1983 sem bjó til spaug um allskonar sem var að gerast í samfélaginu á meðan blaðið enn var gefið út. Hvað hér er í gangi er ekki gott að segja en líklegt að verið sé að koma gegn hefðinni með einhverjum hætti inn á hinu háa Alþingi íslendinga og málið máski vakið umræðu út í samfélaginu. Spaug Spegilsins var oft merkt hversdeginum. Þurfa menn því að muna hvað um var að vera til að fatta húmorinn. Höfundur nær ekki samhenginu við myndina og þyrfti að kafa betur ofan í málið.


Auðvitað má ráðast gegn hefð eins og hverju öðru sem er og gera að grín. Samt er sum hefð nokkuð sem vel má verða eftir þó margt breytist. Gott er fyrir þjóðir að halda sérkennum sínum að nokkru í mat músík og sumu öðru. (Höfundur leggur til að veitingahúsin troði eins miklu af andlitum, sviðum, ofan í útlendinginn og söltuðu hrossaketi eins og frekast er kostur og segi honum umbúðalaust hvað sé almennilegur mannamat og geri samhliða þessu stólpagrín að písum og hamborgurum upp í opið gedið. Grín. Svoleiðis gerir maður víst ekki).



Ekkert er rangt við að halda í sínar gömlu góðu hefðir en er erfitt að gera eftir að þjóð hefur aðlagast um of hefðum annarra ólíkra þjóða, þó það sé í lagi með upp að settu marki. Hvar þau mörk öndvert liggja er ekki gott að átta sig á. Hér er engin fjandskapur boðaður við einn né neinn heldur bent á það sem er að gerast víða í veröld vorri og fá séð sem vilja og birtist í samstöðu íbúa sumra ferðamannastaða þessa daganna sem búnir eru að fá upp í háls af ekki ferðamenskunni sem slíkri heldur að þeim sjálfum er ekki lengur heimilt að nota strandirnar og staði sem hefð er fyrir í landinu að íbúar brúki en þeir orðið standa útilokaðir frá vegna hótélkeðja sem eiga stór landsvæði við strendur sumra landa. Eignarrétturinn er til staðar fyrir þessar hótellóðir. Og þeim fylgir réttur. Sé lóðin niður við strönd teygir hún sig nokkra metra út í sjóinn. Og samkvæmt lögum má rétt hafi nýta eign sína, stangist það ekki á við lög um slíkt húsnæði. Líklegt er að þeir sem voru uppi er farið var af stað með verkefnið hafi flestir samþykkt áætlunina og séð í henni tækifæri en áhöld um komandi kynslóðir og viðhorf þeirra til sama máls. Hún gæti því verið vandinn sem við er að eiga. Erfitt að glíma við þetta en samt það sem farið er að bóla örlítið á hjá íbúum sumra ríkja. Auðvitað rekast slík viðhorf öll á hvers annars horn þegar til kastanna kemur því undireins og verkið byrjar að bitna á buddu einstaklinga kemur annað hljóð í strokkinn því reikna má með að ef aðgerðir gegn ferðamanninum halda áfram og ferðamönnum taki að fækka, engin er í frí til að standa

slagsmálum við íbúa, segir sig sjálf, má reikna með að þær líka með tíð og tíma yfirferist yfir á efnahag þessara landa sem lengi hafa byggt á ferðamannastraumnum og kjörum fólksins. Stundum er krafan haltu mér slepptu mér. Svo virðist að æ fleiri orðið finnst of mikið lagt upp úr ferðamennsku og að sér sjálfum sé víða þrengt orðið og íbúar í erfiðleikum með að komast á einn og annan stað fyrir fjölda í sínum eigin fríum. Land í heild er eign þjóðarinnar sem hana byggir. Sumir staðir á Íslandi bera illa mikinn fjölda og aðgerðir sem bæta úr megi oft bíða til morguns, og morguns, og morguns vegna þess að kosta peninga. Mikilvægur meðalvegurinn er vandrataður og verk upp að kostnaði í lagi með og stoppa þar. Allt vegna þess hversu skammt við sjáum. Jesú sér alla leið. Hví þá ekki bara að fylgja honum?

### Smá útdúr. Reynum að halda áfram með hitt.




Til er á Íslandi hljóðfæri sem langspil heitir (mynd til vinstri) og er viðarstokkur með 3 til 6 strengjum í og oft til á efnaðri heimilum íslendinga. Draga má þá ályktun að langspilið hafi kostað skildinginn sinn. Spilað er á hljóðfærið í láréttri stöðu. Langspil er ekki mikið notað í dag og þeir sem kunna að leika á slíkan grip gera það meira til að viðhalda hefð frekar en að nota sem alvöru hljóðfæri, sem það auðvitað er, og tengja ekki tónlist dagsins og þeirri sem verið er að spila núna. Langspil var á sinni tíð vel þekkt hljóðfæri og notað í rímnakveðskapnum og almennum söng. Hvort langspil sé íslenskt hljóðfæri þekkir höfundur ekki.

### Að öðru.

*Myndin til hægri er málverk af Kristófer Kólumbus landkönnuði.*

Merkileg er hugsunin um að einn og annar hafi fundið eitt og annað landið þegar vitað er að landið sem átti að hafa fundist, var það þá týnt? Þjó í fólk, tínt fólk þá?,- með sérstakri menningu og sögu, gerði skáldskap, kastaði fram vísnum, bjó til grín sem fékk annað fólk til að hlæja að vitleysunni, framleiddi tónlist við vísur og kvæði, setti upp leiksýningar eftir tilbúnu handriti hvort sem notast var við pappír, ólíklegt, skinn af skepnu, allt var skrifað á jörðina, eða búið til í huganum og þulið upp fyrir hinum sem á eftir mundu og fóru utanbókar með textann. Allt til í dæminu og ýmsar aðferðir brúklegar sé viljinn til staðar. Þegar höfundur fyrst var að byrja með þætti var allt talað mál í þeim flutt með þeim hætti að búinn var til texti í huganum, varð aldrei til á blaði, og gert línu fyrir línu og allt lært utan að. Er hann var tilbúinn var efnið flutt gegnum hljóðnema og inn á upptökutæki og var raunverulega skrifaður texti þó í þessu formi væri. Við sjáum að allt er hægt. Það sem hann vildi ná fram með þessu var eins og menn töluðu þannig vildi hann að talið kæmi út. Upplestur texta er kúnst sem hægt er að læra en



samt misjafnt hve góðum tókum menn ná á. Þetta var hugsunin. Hellings vinna og allt saman það og gaman að hafa gert verkið, þó ekki skilji maður í dag hvernig í ósköpunum maður fór að. Þetta löngu gleymda atvik og aðferð rifjaðist upp fyrir höfundi í samantektinni og sýnir að við ýmislegt hefur verið tekist. Enda alltaf bjargað sér með einhverjum hætti og fundið nothæfar leiðir.

Allt tal manna um að einhver hafi fundið land sem fólk býr í er samviskuspurning. Líka þó “finnandi“ flytji skelegga ræðu um „fund“ sinn í sínu heimalandi og lönd hamist við að viðurkenna verkið og mæra og að fólk taki andköf af tómri geðhræringu og klappi háværu hraustlegu klappi í lok ræðu hetjunnar sem „landið fann“.

Hver hefur ekki heyrt nafnið Kristófer Kólumbus og veit að var landkönnuður? Kólumbus taldi að hægt væri að komast til Asíu með því að sigla í vestur og er af flestum talin vera maðurinn sem fyrstur fann Ameríku þó þar hafi búið fólk er skip hans loks náðu landi sem Kristófer sjálfir skrifaði í dagbók sína um að væri vingjarnlegt og friðsamt fólk, þó ör sæjust á líkama þeirra og það aðspurt hafi sagt honum að fólk á annarri eyju hafi eitt sinn komið þangað og viljað taka af þeim landið. Örin voru eftir bardaga við þetta fólk. Og þennan þekkjum við því enn ásalist fólk lönd annarra manneskja og er daglegur fréttamatur.

Hvar sem er maður eru líka vitsmunir, langanir og þrár. Frumstæður maður er afstætt hugtak. Og hvaða manneskja er frumstæð? Hugtakið „frumstæður“ getur í besta falli gilt um umgjörðina sem utan um allt er hjá fólki. Innra með henni býr svipað og í mér og þér. Manneskja er og verður áfram bara manneskja. Hvar sem er byggð er líka gáfað fólk, hugmyndaríkt fólk, framkvæmdasamt fólk sem stekkur í verk á meðan annað strýkur um höku og hugsar mál betur og svo lengi stundum að ekkert verði úr neinum framkvæmdum. Þetta er að vera maður. Og maður er með allt þetta innbyggt í sér og fólkið sem Kristófer Kólumbus mætti er hann nam land á eyju eftir sína miklu sjóferð frá Spáni og villtist um tíma á hafinu er setti ókyrrð á manskapinn sem fór þá að efast um ferðina. Landið sem skip hans þrjú að tölu komu fyrst til eru Bahamaeyjar sem hann gaf nafnið San Salvador. Á San Salvador bjó fólk sem lifði á því sem landið og sjórinn gaf af sér og það fór og sótti sjálft og eða yrkti landið og þurfti að verja gegn innrás vondra manna. Ekkert nýtt sagt hér. Og hver er frumstæður? Hafi þetta fólk verið frumstætt hvað þá með nútímamanninn og ágangs hans? Sér einhver einhvern mun á? Ekki höfundur.

Pottþétt er að á Bahamaeyjum hafi þrífist list einhverskonar og menning sem hvarvetna skýtur upp kollli þar sem fólk er. Tónlist er eitt form menningar og iðkuð hvernig sem aðstæður manna eru og hvort sem fólk lifir í frumskógi og af því sem skógurinn gefur, veiðir sér í matinn eða verslar sér soðninguna. Trúboðinn sem boðar öðrum trú í fjarlægju landi fer ekki að hitta frumstæða mannveru heldur venjulega manneskju sem þarf að heyra um Jesú og kemst skjótt að það sé manneskja sem hann hitti eins og hann sjálfur er manneskja. Allur aðbúnaður er annað mál. Manneskja hlær, sínir viðbrögð, segir skemmtilega sögu og eða drepur allt í kringum sig úr leiðindum. Trúboðin hittir líka viskubrunn sem “allt veit“ en býr í húsi sem mér líklega þætti ekki boðleg vistarvera. Manneskjur eru hverri annarri líkar.

Ætli mönnum finnist ekki um íslendinga að þeir hafi verið frumstæðir menn um aldamótin 1800 með enga bíla til í landinu, engan síma til í landinu, ekkert sjónvarp til í landinu, engan snjallsíma né merkilegt Facebook sem gerir fólki kleyft að sitja fullu og ófullu við tölvur sínar og senda færslur hvenær sem hugurinn girnist? Ytri umgjörð manns breytist en fátt annað.



Manneskju þarf ekki að finna sé hún ekki týnd. Og fólk er ekki týnt af þeirri ástæðu einni að ég viti ekki hvar það sé. Ég er sem sjá má ekki týndur þó þú máski vitir ekki hvar í veröldinni ég býi. Hver fann hvað eru því áhöld um.

**Nú förum við að nálgast efnið sem lagt var upp með.**

**Bahamaeyjar?**

**Þar eitt sinn voru The Beatles.**



Myndin að ofan er tekin af leikstjóra kvikmyndarinnar Help Richard Lester sem hér fjallar um þessa kvikmynd líklega um svipað leiti og hún var gefin út í Blu-Ray, Hd. formi. Giskar höfundur á.

Upptökur á þessari annari kvikmynd sem Bítlarnir fóru með aðalhlutverkin í og sömdu við meginpart þeirrar tónlistar sem þar kemur fram hófust á Bahamaeyjum 23 febrúar 1965. Help var frumsýnd 25 ágúst sama ár í Bandaríkjunum en eitthvað fyrr í Englandi, að við sjáum að rösklega hefur verið gengið til verks og mikið legið á hjá framleiðendum að koma henni sem allra fyrst fyrir augu og eyru almennings og fólksins sem fylgt höfðu sér utan um þessa fjóra Bresku stráka sem skipuðu sveitina The Beatles og gleymist víst seint hverjir eru og atgangurinn allur kringum þá. Hljómplatan Help kom út um þremur vikum fyrr í Bretlandi og 6 ágúst 1965 að menn, aðdáendur, hafa verið orðnir vel heitir og fullir tilhlökkunar eftir kvikmyndinni, sem líklega flestir sem með málinu fylgdust hafi verið kunnugt um.



*Myndir til vinstri er tekinn 17 ágúst 2017 og er úr Help og þeir staddir á Bahamaeyjum.*


Kvikmynd Bítlanna Help var tekin til sýningar í Tónabíói í Reykjavík, mögulega 1 júní 1966 og tæpu áru eftir að hún var gefin út í Bandaríkjunum en verður samt að teljast til fyrri skipa er kemur að

erlendum kvikmyndum sem teknar voru til sýningar á Íslandi á meðan sá tími enn var uppi og almenna reglan í þessu að nýjustu kvikmyndir íslenskra bíóhúsa væru tveggja til þriggja ára gamlar kvikmyndir. Nýrri kvikmyndir þóttu of dýrar fyrir þessi kvikmyndahús að ráðast í. Annað gildi um The Beatles og Help eins og svo oft áður er kom að þeim blessuðum. Líklegt er að eigendur Tónabíós hafi reiknað það út að kvikmyndin Help væri áhættunnar virði með það ljós yfir að Bítlarnir væru í hæstu hæðum í vinsældum og LP. platan Help enn vel metin á meðal áhangenda bandsins á Íslandi þó búast megi við að farið sé að draga úr sölu hljómplötunnar er myndin var tekin til sýningar. Hversu mikið áhorfið á Help var í Tónabíói né hver fjárhagsleg útkoma var fyrir bíóið þekkir höfundur ekki en veit að því var ekki lokað er myndin var tekin úr sýningu mánuðum síðar og starfaði lengi eftir það.

Sjálfur sá höfundur Help aldrei í kvikmyndahúsi og fannst svo sem ekki mikið til hennar koma er að þeirri stund kom. Lögin hins vegar heilluðu. Að sjá kvikmyndina gerðist löngu síðar og á tíunda áratug seinustu aldar. Lögin á LP.plötunni Help voru til í foreldrahúsum fljótlega eftir að breiðskífa þessi kom fyrst til Íslands árið 1965 og maður sjálfur á tólfta aldursári og skoðandi efni þetta réttri hálfri öld síðar í ágúst 2017.

Er upptökur hófust á Bahamaeyjum í febrúar 1965 mætti upptökufólkinu erfiðleikar margskonar sem einkum lágu í því að engin kvikmyndafélög voru til á staðnum og því engin tæki til þessarar iðngreinar til sem hægt væri að fá leigð og eða lánuð. Þetta gerði verkið erfiðara og varð niðurstaðan að flytja þyrfti allan búnað flugleiðis frá London og Bandaríkjunum, en þar var sérstakur sviðsbúnaður gerður fyrir myndina Help.

*Myndin til hægri er úr kvikmyndinni Help og sýnir Lennon syngja eitt laga þeirra féлага sem heyrir í myndinni og er auðvitað einnig með á hljómplötunni vinsælu Help.*



Og ekki var það bara vöntun á tækjum sem brúka mátti við kvikmyndatökuna sem mætti ágætu kvikmyndatökufólki og gerði erfitt fyrir því að á sama tíma og verkið átti

að vinnast á eyjunum voru öll hótél troðfull og allt annað gistirými á svæðinu uppantað og hvergi hægt að komast inn. Við lá að barist væri um hvert rými sem losnaði inn á hótélunum og hvar annarstaðar sem var þar sem upptökurnar fóru fram. Ástæðan fyrir öllum þessum

yfirbókuðu herbergjum hótélanna var vitneskja fólks um að The Beatles yrðu þarna á þessum tíma og ljóst að allir vildu fá að fylgjast með þessum heimsfrægu köppum rata í hin ýmsu og furðulegu ævintýri sem myndin fjallaði um og út hafði hvíssast að væri í þessa veru.



Á ljósmyndinni til vinstri eru kapparnir staddir á Bahamaeyjum og í kvikmyndinni Help. Sumir tengja Bahamaeyjar við sól og sumaryl en trommuleikari The Beatles Ringo Starr leiðrétti síðar og gaf út að þarna hafi verið ískalt þó þeir sæjust klæddir hálfferma næfurpunnum sumarskyrtum og allt liti út fyrir að þeir væru í steikjandi hita og glampanði sólskyni spilandi söngva á ströndinni og

leikandi undir á sín hljóðfæri í þessum ægikulda og næðingi sem var þennan dag og máski alla hina dagana líka sem kvikmyndatökur fóru fram á og dagatalið allavega segir okkur að enn sé hávetur. Dvölin á ströndinni getur því ekki hafa verið neitt sérlega þægileg né heldur vistleg við þessar kringumstæður þó það komi ekki fram í myndinni og allt sýnist eins og handritið sagði til um að ætti að ske um sumar og úti heitt og sællegt en reyndin önnur. Eina sem mögulega minnti á sumartíð var sólin sem skein. Svona getur kvikmynd blekkt okkur þessa háttvirtu áhorfendur og gerir líka oft á tíðum.

### **Bítlamyndin sem ekki varð af.**



Nokkrum dögum áður en Bítlarnir byrjuðu að stússast í kringum kvikmynd sína Help í febrúar 1965 var annað verkefni komið inn á borð þeirra sem að sjá yrði nokkuð stórbrotið og frábrugðið verkum þeim sem hingað

til höfðu verið gerð með fjórmeningunum frá Liverpool. Þegar í febrúar 1965 er komið nafn á þetta nýja verk með þá mögulega í hlutverkum, þó það sé ekki gert að neinu sérstöku skilyrði. 40 handrit bárust til framleiðenda og líkur leiddar að því að handrit manns að nafni Richard Condon yrði fyrir valinu. Nafn verksins er „A talent for loving“ sem byggir á atburðum sem raunverulega gerðust árið 1871. Kvikmyndin átti að byggja á þeim atburðum og 1400 kílómetra (2000 km. segir á öðrum stað) erfiðu og krefjandi kappreið sem fram fór í Ríó Grande og Mexíkóborg sama ár. Áætlað var að hefja tökum um haustið 1965 og að Bítlarnir semdu og flyttu sex sjö söngva, sem sumir töldu að yrðu þá kúrekasöngvar.

Framleiðandi myndarinnar Walter Shenson var fengin í viðtal vegna verkefnisins, sem líklegt er að hafi vakið talsverð viðbrögð víða um heim eins og títt var er The Beatles bar á góma. Í viðtalinu lét Walter hafa eftir sér að fjórmeningunum væri ekki nauðsýnlegt að leika í



Þessari þriðju kvikmynd sinni. Og bætti við að allavega yrði sú áætlun vandlega skoðuð og gert áður en hafist yrði handa af fullum krafti. Walter gat og um að sjálfir, átt við Bítlanna, létu þeir hafa eftir sér að væru þeir ekki sáttir við eitthvað sérstakt lag væri það ekki gefið út og að annað gildi um gerð kvikmyndar og að hún yrði að fara á hvíta tjaldið hvernig sem til tækist og því betra að hnýta alla enda vel áður en af stað væri farið. Undir sjónarmiðið er hægt að taka.


Hann gat þess og að hinar tvær myndir The Beatles, A Hard Days Night, og, Help, hafi heppnast afkaplega vel og leikhæfileikar piltanna komið sumu fólki verulega á óvart og gat þess í áframhaldi spjallsins að hingað til hafi piltarnir einungis leikið sjálfa sig en í þessari yrði annað uppi á teningnum sem krefði þá um frekari og öðruvísi leikhæfileika og fælist í að túlka og leika aðra manneskju en sig sjálfa, sem geti verið snúið verk. Í þriðju Bítlamyndinni, eins og talað var um, er gert ráð fyrir að þeir semji sex til sjö söngva, en hvernig senurnar kringum þá verði gerð, veltur á því hvaða kvikmyndahandrit verði fyrir valinu, sem ekki er alveg orðið ljóst er hér er komið en líkur leiddar að einu, eins og fram kom hér ofar.

Í þessum þælingum kringum þriðju Bítlamyndina eru uppi hugmyndir um að láta einhvern einn úr hljómsveitinni The Beatles leika aðalhlutverkið, en ekki þá alla sem framleiðandinn Walter Shenson leist ekki vel á og fannst ekki góð. Sennilega verið búin að átta sig á líkt og sumir aðrir að The Beatles væru fjórir og allir fyrr einn og einn fyrir alla þankinn allsráðandi og ekki við annað komandi hvað aðdáendaskarann áhrærði nema hafa þetta svona. Að hafa meðbyr aðdáenda Bítlanna skipti verk miklu væri á einhvern hátt fjallað um The Beatles. Sem sjá má að þá var hugmyndin ekki góð að kippa einum þeirra út úr hópnum og nota og reyndar afleit aðferð, skoðað í þessu ljósi og sannleika.

Það var svo í júnímánuði árið 1965 sem út kom stutt tilkynning frá framleiðendum til fjölmiðla um að hætt hafi verið við verkefnið „A talent for loving“. Ástæðan væri að Bítlunum sjálfum litist ekki nógu vel á hugmyndina er til átti að taka og hættu því við. Þá var bæði handrit og annað í verkið tilbúið og stóð til að hefja tökum um haustið 1965, líkt og áður segir.

Að hljómsveit á borð við The Beatles skoði vel út í hvað hún sé að fara og hvort þeir ættu að taka þátt er allt matsatriði hverju sinni. Bítlarnir vildu raunsanna mynd um hljómsveitina og voru að sögn afskaplega ánægðir með tvær fyrri myndir sínar. Líklegt er að rétt hafi verið hjá þeim að sleppa þessu verkefni. Voru enda efnistösk öll verulega á skjön við það sem þeir áður höfðu gert þó á sinn hátt væri áhugavert. Allt þarf auðvitað að eiga sér sín eigin takmörk. Líka hjá frjóu og framtaksömu fólki eins og meðlimum The Beatles. Og hitt að menn geta ekki látið sig hafa hvað sem er. Sumt hentar, annað ekki. Og með þeim hætti er lífið.

Á þessum tíma er Paul McCartney sjálfur með tillögu að kvikmynd um The Beatles sem yrði í fjórum hlutum og að hver hluti lýsti einum Bítill. Áhugavert en varð aldrei neitt af.



Að sjá endar sagan ekki hér því kvikmyndaverkið „A talent for loving“, sjá mynd til vinstri, virðist hafa verið unnið síðar og með þá öðrum leikurum en til stóð að hafa í upphafi og gert með sama framleiðanda og eftir kvikmyndahandriti Richard Condon sem handritið frá var talið líklegast til að verða fyrir valinu og að sjá líka skeði. Leikstóri er Bandaríkjamaðurinn Richard

Quine. Þessi kvikmynd var gefin út árið 1969 og nokkrum árum síðar en í upphafi var ætlað. Hún var bæði sýnd í Bretlandi og Bandaríkjunum árið sem hún kom út. Höfundur sér ekki né getur fundið út hvort að kvikmynd þessi hafi verið sýnd í íslenskum bíóhúsum

Leikara kvikmyndarinnar má sjá hér:

Ricahrd Widmark, Chaim Topol, Cesar Romero, Genevieve Page, Fran Jeffries, Derek Nimmo, Max Showalter, Joe Melia, John Bluhall, Libby Morris, Judd Hamilton og Caroline Munro.

### **Shea Stadium. Tónleikar The Beatles í ágúst 1965.**



The Beatles héldu fljótleg eftir að verða frægir mikla tónleika og fjölmenna og fór hvern hljótleikaturinn eftir annan víða um heim og fylltu sali hvar sem þeir komu. Margir mættu til að sjá þá frekar en að heyra þá. Fólkinu var sama. Það öskraði með hinum en sá Bítlanna og fannst nóg. Tónleikar hljómsveitarannar voru með þeim hætti gerðir að aldrei áður hafði nokkuð þessu líkt gerst að margir ráðsettir menn og konur gerðu sér það til dundurs mitt í sinni pressu að klóra sér í höfðinu undir húfum og höttum, og einstaka hárkollu, ekki vitandi hvaðan á sig stæði veðrið.

Tónleikar Bítlanna sem fram fóru á leikvanginum Shea Stadium í Bandaríkjunum sló öll aðgangsmet. Þar var hvert sæti skipað og komust færri að en vildu. Líklegt er að hægt hafi verið að fylla annan eins sætafjölda af öllu þessu Bítlapyrsta- og Bítlaóða fólki.

Við sem aldrei upplifðum það að sjá Bítlanna eigin augum né vorum með þeim á tónleikum skulum nú fara í smá ferðalag sem nær aftur til 15 ágúst 1965 og koma okkur fyrir í sæti á þessum gríðarmikla leikvangi Shea Stadium. Því miður erum við óheppinn loks er við komumst að miðasölunni því í ljós kom að aðeins örfá sæti eru í boði á aftasta bekk sem við urðum að taka. Vildum hvort eð er komast að þessum eftirsóttu kjötkatli. Við urðum fyrir vægu sjokki er á staðin kom og það laukst upp fyrir okkur gríðarleg fjarlægðin þaðan og að sviðinu sem við blasti langt í burtu og var að sjá agnarlítið í allri þessari fjarlægð.

„Nú kemur sér vel að hafa tekið með kíkinn hans pabba“- sagði ég nokkuð rogginn og lauk við að toga kíkinn upp um hálsmálið á peysunni sem ég var klæddur og mamma þrjónaði á mig og stakk með í töskuna. Kíkin bar ég upp að augunum og hóf að skima svæðið:

„Þetta er talsvert skár“- sagði ég við hina og hélt áfram að kíkja. Auðvitað leynt og ljóst í von um að koma auga á Bítill sem mögulega væri þar á vappi. En svo reyndist ekki vera. Eina sem sást voru unglingahöfuð sem eins og ég horfði í eina átt og hana sem talið var að Bítlarnir hlypu út um til að hefja tónleikana. Af slíku vildi engin missa.



Að vera svo ofarlega gerðu stöðu okkar fráleitt góða. Hugmyndir komu upp um að þrengja sér neðar og freista þess að skipta við einhvern neðar á pöllunum um sæti og bjóða að færa sig ofar „til að sjá betur“. Einhverjum okkar datt þetta „snjallræði“ í hug. Hann taldi vera lítið mál að gera þetta hér í útlandinu:

„Ætti að vera einfalt“- sagði hann og reigði sig allan og beygði. Nokkuð ánægður með hugdettuna. Og gerðum við heiðarlega tilraun til verksins eftir að hafa olnbogað okkur gegnum þetta þvöguna og þangað sem við vildum vera og undum okkur að unglingum sem þar voru og buðum þeim þetta „kostaboð“ og beittum öllum okkar sannfæringarkrafti á þá eins við lærðum í Hafnarfirði og vissum að virkaði. Allt án nokkurs árangurs. Svörin sem við fengum voru flest afundin og var eitt á þessa lund:

„Úr því að svo gott er að vera þar sem þið áður voruð að hví viljið þið þá skipta?“- var eitt svarið sem við þurftum að þola og nokkur álíka í viðbót sem að okkar mati voru neðan mittis högg. Eða svo gott sem. Þetta ætlaði ekki að ganga eftir og fékk sá sem hugmyndina átti óblítt augnaráð okkar hinna sem brást við með blístri og fimm fingrum annarrar handar renndum gegnum eigin hárlubba frá enni og aftur á hnakka sem tókst ekki betur til en svo að lubbinn vildi ekki hlýða og féll aftur á sömu stellingar og áður og fram á ennið og niður fyrir augabrúnir. Enda ekta Bítlahár á hausnum á honum þessum. Þykkt og lifandi sem stundum stóð allt út í loftið og óviðráðanlegt. Nokkrum erfiðleikum var bundið að koma sér aftur þangað sem við vorum og allar hugmyndir um skipti á sætum flognar út í veður og vind. Er við loks komum sáum við að nokkrir pörupiltar sátu í sætum okkar sem brugðust þegar við miðanum sem við rákum framan í þá og báðust afsökunar og klofuðu hlējandi yfir sætisbökin í næstu sætaröð fyrir neðan hina og settust þar. Aftur litum við hvorn á annan einkennilegu augnaráði er ljóst var að engin hefði fattað þó við hefðum tekið þessi sæti. Og aftur fékk kauði með hugmyndina óblítt augnaráð og brást aftur við með blístri en engri fingurhárgreiðu. Staðan var ekki góð svo aftarlega á merinni en samt betri en engin.

Spennan komst í hámark. Allra augu mændu á staðinn sem talið er að meðlimir hljómsveitarinnar kæmu út um og gengju eða hlypu í átt að sviðinu sem komið hafði verið upp þarna á miðjum velli og var svo agnarsmátt að sjá þaðan sem við vorum. Kringum allan völl stóðu girðingar og hindranir sem okkur var tjáð að væri til að hindra fólk sem vildi hlaupa upp að sviðinu og komast nær Bítlunum en heimilt var og löggan á staðnum var til að koma í veg fyrir. Á einum stað sá ég löggu grípa í belti stráks sem slapp gegnum fyrri hindrun en var gripin við þá síðar og dreginn spólandi á beltinu frá og stúlku sem lögga greip um mittið á og bar burt með fæturna enn hlaupandi og spriklandi út í loftið. Slíkur var hugurinn að nokkurn tíma tók heilan að uppgötva nýja stöðu.

Ég tók fram kíkinn og byrjaða horfa yfir allt þetta gríðarlega mannhaf framundan mér og enn í von um að sjá þó ekki væri nema einn Bítill eitt augnablik. En það gekk ekki heldur eftir:

„Hey! Þarna eru Bítillarnir . Þarna koma Bítillarnir“- hrópaði einn og benti.

Ég sneri snöggk kíkinn í áttina og skimaði og leitaði og hrópaði:

„Já! Sé þá! Sé þá núna! Ha! Hvað eiginlega er í gangi hér? Ekki vissi ég að þeir hefðu hjálma á hausnum og sætu á hestbaki“- sagði ég við hann sem næstur mér var til hægri sem horfði á mig hneykslaður og leiðrétti mismælin með þeim orðum að það sem ég sæju væri löggan á hestbaki ekki Bítillarnir:

„Ó“- sagði ég og komið að mér að vera vandræðalegum.

Aftur hvað við hróp frá okkar mönnum og nú öðrum sem sagði:

„Sjáið! Bítillarnir! Sjáið hvernig þeir hlaupa fram völlinn með gítaranna. Aldeilis fráir fæti“-

Ég sneri mér þangað sem hinn bendi og beindi kíkinn að markinu:

„Já! Ég sé þá líka! Ég sé þá!“- hrópaði ég ofsaglaður.

„Ha! Eru þeir í svörtum peysum og með lopahúfur?“ – sagði ég við hinn mér til vinstri handar sem leit þangað sem ég benti og leiðrétti mig:

„Auli ertu! Þetta eru vallarstarfsmenn. Ekki Bítillarnir.“

„Hvert í hoppandi“- sagði ég þá og beindi kíkinn aftur að hópnum:

Aha! Nú sé ég. Auðvitað eru þetta vallarstarfsmenn“- Ég sló létt á enni mitt ásamt að ræskja mig og klóra í bringunni, orðin svolítið áttavilltur:

„Eitthvað er að þessum kíkí“- sagði ég hálfum hljóðum við sjálfan mig og brá honum þó aftur upp að augnum til að sjá Bítillanna betur:




„Þarna eru þeir! Þarna eru þeir! Þeir eru nú að stíga upp á sviðið“, sagði einn úr Hafnafirði og benti fullur eftirvæntingar einum fingri á sviðið:

„Já! Ég sé þá! Sé þá!“- hrópaði ég líklega jafn hátt öllum hinum á staðnum:

„Ha“ Hvað er í gangi!? Eru Bítlarnir svona gamlir. Sé bara gamlan kall með gl.....“- Sá mér til hægri handar virtist nú vera nóg boðið því hann hrifsaði af mér kíkinn, skoðaði, bar upp að augum sínum, stillti, tók klút upp úr vasa sínum og þurrkaði af glerinu, kíkti aftur og rétti mér kíkinn með orðunum:

„Og þegiðu svo“- og var fyndnasta setningin í ferðinni því vart heyrðist mannsins mál á staðnum á því andartaki fyrir hrópunum og köllunum í öllu fólkinu. En kíkinn varð annar við meðhöndlunina og birtust Bítlarnir allir í honum og komnir nokkuð nálægt mér og John sitjandi við orgelið með olnbogann á nótnaborðinu sem hann renndi eftir því frá hægri til vinstri fram og til baka. Einn hængur var þó á sem voru allar þessar veifandi hendur sem svolítið hindruðu sýn. En það varð að hafa.

Og nú höfum við fengið smá smjörþef af alvöru Bítlátónleikum á ekki ómerkari stað en Shea Stadium vellinum í New York City í Bandaríkjunum sem fram fóru 15 ágúst 1965. Og þvílík forréttindi hálfri öld eftir atburðinn sjálfan. Maður trúir því varla að slíkt sem þetta sé gerlegt. En hér erum við samt.



Látum staðar numið og trúir höfundur að menn hafi haft af svolítið gagn af því sem þeir lásu. Og er þá tilganginum náð.  
Kveðja: KRF.